



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

JHM/AA

Rvk. 20.01.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, þingskjal 168 - 168. mál - 128. löggjafarþing 2002-2003.

Samtökum atvinnulífsins (SA) hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002 um útlendinga, þskj. 168 – 168. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið miði að því að lögnum verði breytt á þann veg að reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga gildi einnig gagnvart EFTA-ríkjum, sem ekki eru aðilar að samningnum.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins er vakin athygli á ákvæði 2. greinar frumvarpsins um 90 starfsdaga á almanaksári. Komið gæti upp ágreiningur um það hver sé merking hugtaksins starfsdagar. Í greinargerð er þess getið að um sé að ræða 90 raunverulega starfsdaga á almanaksári, en hvað eru raunverulegir starfsdagar. Eru það unnir dagar, almanaksdagar eða virkir dagar? Mælt er með því að nota þekkt íslensk hugtök í stað þess að bjóða upp á óþarfa ágreining.

Með framangreindum athugasemdum lýsa Samtök atvinnulífsins yfir stuðningi við að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Jón H. Magnússon